

Ed.

403. Frumvarp til laga

[198. mál]

um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JP, AuA, SvG, KGuðj, AJ).

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

4. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

Umsagnar yfirdýralæknis skal leitað í hvert sinn, er innflutningsleyfis fyrir loðdýrum er óskað.

5. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar.

Að fengnu álit veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýrabúsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrir en gerð þess er öll í samræmi við fyrrgreindar áætlanir, og tryggt sé, að loðdýrabúinu veiti forstöðu kunnáttumaður með a. m. k. eins árs reynslu í hirðingu, fóðrun og meðferð dýranna, og úttekt hefur farið fram af veiðistjóra eða umboðsmanni hans.

Nú er umsókn um byggingu loðdýrabús á skipulagsskyldu svæði, og skal þá landbúnaðarráðuneytið leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags um staðsetningu, áður en byggingarleyfi er veitt.

Til stækkunar loðdýrabús þarf viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins, og er óheimilt að nota viðbótarbyggingar eða nýbyggingar, fyrir en úttekt veiðistjóra eða umboðsmanns hans hefur farið fram.

7. gr.

Embætti veiðistjóra samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

8. gr.

Loðdýrabú, þar sem minkar eru geymdir, skal hafa þrefalda vörn, virnetsbúr með hreiðurkassa, lokaðan dýrhaldan skála á steiptum ramma og dýrhelda ytri girðingu úr traustu og viðurkenndu efni, til varnar því, að dýr geti sloppið úr haldi. Flutningur lifdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki. Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

9. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óhagræði eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Valdi óviðkomandi menn skemmdum í loðdýrabúum eða ónæði, sem tjón verður af, varðar það sektum og fullri bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkzt af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

10. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörzlu, og skal þá sá, er vörzluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðstjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, 2000—10000 kr., ef út af er brugðið.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 2000—20000 kr., nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa eða vörzlumanni réttindamissi til að reka loðdýrabú.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 32/1951, um loðdýrarækt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Loðskinnaverzlun er ævaforð og ábatasóm atvinnugrein. Allt fram á þessa öld byggðist loðskinnaverzlunin eingöngu á veiðum villtra loðdýra í náttúrunni. Nú skiptir veiði villtra loðdýra litlu máli fyrir hina alþjóðlegu loðskinnaverzlun, því að talið er, að aðeins 10% af loðskinnnum heimsins komi frá veiddum dýrum, en 90% frá loðdýrum, sem alin eru og ræktuð vegna skinnanna, þar af um 70% frá aliminkum.

Eftirspurn eftir minkaskinnnum hefur aukizt stórkostlega eftir síðari heimsstyrjöldina með ört vaxandi velmegun í hinum vestræna heimi. Þetta byggist m. a. á því, að með fræðilegri fóðrun, hirðingu og kynbótum hefur tekizt að framleiða aliminka, sem taka hinum villta mink langt fram að skinnæðum og litafjölbreytni. Um 40—50 lítaafbrigði eru nú á markaðnum. Ekkert loðskinn stendur því á sporði um alhliða gæði, og litlar horfur eru taldar á, að nýtt loðskinn geti keppt við það eða komið í þess stað.

Minkaréktin fór hægt af stað. Hún hófst í Kanada og Bandaríkjunum í byrjun þessarar aldar. Um árið 1930 var byrjað á henni á Norðurlöndum. Það er þó fyrst eftir síðari heimsstyrjöldina, að minkaréktin verður öflugur og arðsamur atvinnu-

vegur. Þannig var heimsframleiðslan árið 1940 aðeins 650 þús. skinn, árið 1950 er hún komin upp í 3 millj. skinn, árið 1960 í um 11.1 millj. skinn og árið 1967 í um 25.3 millj. skinn.

Meðfylgjandi tafla sýnir framleiðsluaukninguna milli ára frá árinu 1960:

Ár	Bandaríkin	Norðurl.	Aðrir framleiðendur	Alls millj. skinn
1960	6.1	2.9	2.1	11.1
1961	6.8	3.7	2.3	12.8
1962	7.0	4.4	3.0	14.4
1963	7.3	4.8	3.6	15.7
1964	7.4	5.5	4.4	17.3
1965	7.8	6.7	5.2	19.3
1966	8.5	8.3	5.4	22.2
1967	9.3	9.5	6.5	25.3

Taflan sýnir, að Norðurlönd eru stærstu framleiðendur minkaskinna með 9.5 millj. skinn eða um 40% af heimsframleiðslunni. Þar hefur aukningin einnig orðið mest milli ára eða frá 15—30% árlega. Bandaríkin eru næststærstu framleiðendurnir með 9.3 millj. skinna. Þar hefur aukning framleiðslunnar milli ára verið miklu minni, eða frá 3—10%. Önnur lönd framleiða um 6.5 millj. skinna. Þar hefur aukningin milli ára verið frá 5—20%. Af þessum löndum framleiða Rússar um 3 millj. skinna og Kanada um 1.5 millj. skinna. Það eru því hin norðlægu lönd, sem nær eingöngu framleiða minkaskinn í heiminum.

Stærsti markaður fyrir minkaskinn hefur fram til þessa verið í Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir hinni síauknu eftirspurn minkaskinna er vafalaust bæt看ur efnahagur almennings í hinum vestrænu, iðnþróðu löndum. Miklar breytingar hafa orðið á tekjuskiptingu í þessum löndum, og má búast við, að sú þróun haldi áfram almennt séð, þannig að þeim fjölskyldum fjölgi, sem hafa efni á að veita sér ýmisleg gæði, sem þær höfðu ekki áður ráð á, t. d. aukin ferðalög, skartgripa- og loðskinnakaup.

Árið 1967 keyptu Bandaríkin rúmlega helming af heimsframleiðslunni eða um 13.6 millj. skinna, en önnur lönd, aðallega Evrópulöndin, samtals 11.7 millj. skinna. Eftirspurn eftir minkaskinum í Bandaríkjunum hefur aukizt um 100% á síðustu 10 árum, og sérfróðir menn telja, að hún muni enn aukast þar í landi um 100% á næstu 10 árum.

Utan Bandaríkjanna hefur eftirspurnin aukizt enn þá meira. Árið 1960 keyptu önnur lönd um 3.2 millj. skinna, en árið 1967 um 11.7 millj. skinna, eða aukning um 350%. Það eru Þýskalend, Frakkland og Ítalía, sem eru stærstu kaupendur minkaskinna í Evrópu. Ef svipuð efnahagsþróun á sér stað í Evrópu og verið hefur undanfarin ár, eru vænlegar horfur um sölu minkaskinna á næstu árum og ekki ósennilegt, að eftirspurnin aukist í heild um 100% á næstu 10 árum eða aukist úr 25 millj. skinna í 40—50 millj. skinna.

Því er mjög haldið á lofti hér á landi, að framleiðsla minkaskinna sé mjög áhættusöm vegna mikilla verðsveiflna. Að sjálfsögðu eiga sér verðbreytingar stað á minkaskinum eins og á annarri vöru, sérstaklega á milli mismunandi tegunda og litaafrögða. Hér er framboð og tízka að verki. Þrátt fyrir hið gífurlega aukna framboð síðari ára hefur verðlag minkaskinna í heiminum verið tiltölulega stöðugt síðustu 30—40 ár. Verðlækkunartímabil hafa að vísu komið 6 eða 7 sinnum, en þau hafa jafnan staðið stutt yfir eða 1—2 ár, en síðan hefur verðið komið upp aftur. Víst er, að hin mikla framleiðsluaukning hefði ekki átt sér stað, ef þessi atvinnugrein hefði ekki verið rekin með samilegum hagnaði.

Meðalverð minkaskinna í Danmörku og á Norðurlöndum er nú talið 100 d.kr. á skinn eða 1170 isl. kr., og hefur verið svipað um langt skeið, nema árið 1966—1967, er óvenjulega mikið verðfall átti sér stað á heimsmarkaðnum.

Meðalverðið í Bandaríkjunum hefur að jafnaði verið nokkru hærra, en jafnframt mun breytilegra, m. a. vegna þess, að þar í landi eru fleiri litaafbrigði á markaðnum en á Norðurlöndum og eftirspurn eftir þeim meira háð tízku en hinar algengustu tegundir, eins og standard- og pastelskinn.

Í Bandaríkjunum var meðalverð á um 9 millj. skinna árið 1966—1967 14.28 dollarar á skinn, og er það lægsta meðalverð, sem nokkru sinni hefur þekkt þar í landi. Yfirleitt má segja, að meðalverð á minkaskinum í Bandaríkjunum hafi verið um 17 dollarar eða um 1500 ísl. kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir meðalverð í Bandaríkjunum síðustu árin:

Ár	Meðalverð í \$	Hækkun og lækkun í \$	Hækkun og lækkun í %
1961	16.41		
1962	18.11	+ 1.07	+ 6.5%
1963	16.66	÷ 1.45	÷ 8.0%
1964	18.08	+ 1.45	+ 8.5%
1965	17.57	÷ 0.52	÷ 2.9%
1966	19.48	+ 1.91	+ 10.8%
1967	14.28	÷ 5.20	÷ 26.7%

Á síðari árum hefur minkarækt verið reynd í mörgum löndum, t. d. Japan og Suður-Afríku, til að afla gjaldeyris. Minkurinn er hins vegar kuldabeltisdyr og eðlileg heimkynni hans bundin við hin norðlægu lönd, Kanada, Bandaríkin, Norðurlönd og Rússland. Þessar þjóðir eru auk þess miklar fiskveiði- og landbúnaðarþjóðir og hafa því öðrum þjóðum betri skilyrði til að afla heppilegs og ódýrs fódurs fyrir minkinn. En talið er, að 60—90% af fóðri hans þurfi að vera fiskur, fiskúrgangur og sláturúrgangur, ef vel eigi að vera.

Allar þessar þjóðir hafa líka stóraukið framleiðslu sína á minkaskinum. Þannig hefur framleiðsla Norðurlandanna 20-faldast frá árinu 1950, er við hönnuðum minkarækt hér á landi. Finnar hafa frá sama tíma 40-faldað framleiðslu sína. Loðskinnasala var fimmti stærsti gjaldeyrisliður Finnlands síðasta ár, og var framleiðsla þeirra 2.2 millj. skinna. Norðmenn framleiddu 2.3 millj. skinna, sem þeir seldu fyrir um 28 millj. dollara, eða um 2500 millj. ísl. kr. Danir framleiddu um 3 millj. skinna og seldu þau fyrir 265 millj. d.kr., eða um 3100 millj. ísl. kr. Svíar framleiddu 1.7 millj. skinna og seldu þau fyrir um 110.5 millj. s.kr., eða um 1900 millj. ísl. kr.

Nú er svo komið, að öll Norðurlöndin, nema Noregur, verða að flytja inn fisk- og sláturúrgang vegna minkaræktar sinnar, m. a. um 8—10 þús. tonn frá Íslandi. Hver þjóð um sig flytur inn um 50 þús. tonn af minkafóðri. Þetta kostar ekki aðeins gjaldeyri, heldur verður fódurkostnaðurinn óeðlilega hár, vegna þess að frysta þarf vöruna og geyma og flytja hana síðan landa á milli. Þetta veldur því, að þessar þjóðir geta ekki öllu lengur aukið minkarækt sína. Svíar og Kanadamenn hafa t. d. ekki aukið minkarækt sína undanfarin ár vegna þess, hve fódurkostnaðurinn er orðinn hár. Ólíklegt er, að Danir og Finnar geti aukið framleiðslu sína verulega af sömu ástæðu. Þá hefur framleiðsluaukning í Bandaríkjunum verið tiltölulega hægfara, og framleiðendur kvarta mjög vegna mikils kostnaðar og erfiðrar samkeppnisaðstöðu. Hins vegar er vitað, að Rússar ráðgera að auka framleiðslu sína stórlega á næstu árum.

Íslendingar hafa mikla möguleika til að afla ódýrs minkafódurs. Við veiðum meira af þorski og öðrum mögum fiski en Norðmenn, sem þó veiða mest allra Norðurlandþjóða. Þorskafla okkar er um og yfir 300 þús. tonn árlega. Í vaxandi mæli mun þessi afli fara til flökunar og frystingar á næstu árum, og við það vex fiskúrgangurinn, sem nauðsynlegt er að koma í betra verð. Undanfarin ár hafa fallið til um 100—120 þús. tonn af fiskúrgangi, sem farið hefur í fiskimjölsvinnslu. Af

Þessum fiskúrgangi mætti framleiða um 2—3 millj. skinna, ef öllu væri til skila haldið, nýju, frystu eða í formi fiskimjöls.

Um $\frac{1}{4}$ hluti þorskaflans aflast á sumrin, þegar fóðurbörf minkanna er mest. Þann fiskúrgang þyrfti yfirleitt ekki að frysta og geyma með ærnum kostnaði, heldur láta beint í hakkavélina fyrir dýrin. Af fiskúrgangi frá sumaraflanum ásamt ýmsum úrgangs- og ruslfiski, sem nú er yfirleitt hent, mætti framleiða um 1 millj. minkaskinna að söluverðmæti um 1150—1200 millj. króna.

Að beiðni nefndarinnar hefur Efnahagsstofnunin gert lauslega athugun um rekstur minkabús, sem byggð er á upplýsingum og gögnum frá nefndinni. Niðurstaða þeirra athugunar bendir til, að vænlegt sé, að gerð verði tilraun til minkaræktar á Íslandi. Athugun Efnahagsstofnunarinnar um rekstur 1000 læðu minkabús fylgir.

Fylgiskjal.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Febrúar 1969.

Lausleg athugun um rekstur 1000 læðu minkabús á Íslandi.

Stuðzt er við upplýsingar frá hr. Alf Lund, hjá „Dansk Pelsdyravlerforening“, um breytilegan kostnað á framleitt skinn og fastakostnað og fjármagnsbörf 1000 læðu minkabús.

Tekjur.

Reiknað er með meðalverði á skinn d.kr. 100.00 eða 1170 ísl. kr.

Miðað er við, að húið endurnýi stofndýrin af eigin hvolpum, þannig að á hverju ári eru að jafnaði 25% stofndýranna endurnýjuð.

Af 3500 seldum skinum eru þá 315 skinn af stofndýrum, en jafnmörgum hvolpum er bætt við lífdýrastofninn.

Breytilegur kostnaður.

Miðað er við, að fóður sé sem mest innlent og fiskmeti og slátúrgangur sé nýtt (ekki fryst). Gert er ráð fyrir, að 2 menn starfi við húið allt árið. Reiknað er með, að fláning og sölukostnaður sé 20% hærrí en í Danmörku. Rekstrarvextir eru miðaðir við, að rekstrarlán séu jafnmikil og annar breytilegur kostnaður í eitt ár. Vextir reiknaðir 8%.

Fastur kostnaður.

Kostnaður við búr, hús og girðingu er hækkaður um 10%, auk þess eru tollar áætlaðir. Einnig eru tollar áætlaðir á annan innfluttan útbúnað og fjárfestingarvörur.

Stofnkostnaður vegna keyptrá minka umfram söluverðmæti skinna af hvolpum, sem notaðir yrðu til viðhalds stofninum, er afskrifaður á 10 árum. Hús og annar útbúnaður er afskrifaður á 10 árum.

Niðurstaða.

1. Af útreikningunum sést að ávöxtun fastafjármagns er tæp 14%, sem verður að teljast viðunandi. Hreinn hagnaður reiknast vera 295 þús. kr.

2. Miðað við þær upplýsingar og forsendur, sem byggt er á, þá virðist vænlegt, að gerð sé tilraun til minkaræktar á Íslandi. En hafa ber í huga, að sumt í athuguninni er varla nógu ýtarlegt.

Áætlaður rekstrarkostnaður.

	Þús. kr.
A. Tekjur, 3 500 skinn á kr. 1 170	4 095
B. Breytilegur kostnaður	2 368
1. Fóður	910
2. Vinnulaun	700
3. Fláning o. þ. h.	245
4. Sölu­kostnaður o. fl.	245
5. Viðhald	100
6. Rekstrarvextir	168
C. Fastur kostnaður	1 423
1. Afskrift bygginga, girðinga o. fl., 10% af 4 377	438
2. Afskrift stofnkostnaðar vegna kaupa á lífdýrum, 10% af 2 047 ..	205
3. Stofnvextir (ávöxtun fjármagns), 8% af 7 887	789
D. Brúttóhagnaður (A ÷ (B + C. 3)	938
E. Hreinn hagnaður (A ÷ B + C)	295

Áætluð fóðurþörf fyrir 1000 læðu minkabú á ári.

	Magn		Áætlað Kr./kg	Heildarverð	
	Hlutfall	Kg		Hlutfall	Kr.
1. Fiskúrgangur	50%	140 000	1.00	15.4%	140 000
2. Heill úrgangsfiskur	25%	70 000	3.00	23.1%	210 000
3. Sláturúrgangur	10%	28 000	5.00	15.4%	140 000
4. Undanrenna	6%	16 800	2.00	3.7%	33 600
5. Kornfóðurblöndun	6%	16 800	8.00	14.8%	134 400
6. Vítamínblöndur	2%	5 600	40.00	24.5%	224 000
7. Feiti, mör og tólg	1%	2 800	10.00	3.1%	28 000
	Alls 100%	280 000	3.25	100.0%	910 000

Áætluð fjármögnun.

	Þús. kr.
1. Skáli með búrum og tilheyrandi	3 312
2. Fóðurhús með tilheyrandi	775
3. Girðing, skolp- og vatnsleiðslur o. fl.	290
4. a. Lífdýr, 1 000 læður + 250 steggir á 1 170	1 463
b. Stofnkostnaður vegna kaupa á lífdýrum, 1 250 dýr	2 047
5. Rekstrarfé	2 200
	<hr/>
Alls	10 087